

# ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR  
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 892 1529 & 588 7690  
Netfang: [ottar@iec.is](mailto:ottar@iec.is)

Umhverfisstofnun,  
Suðurlandsbraut 24,  
108 Reykjavík.  
Sent á netfang:  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

21. ágúst 2017.

Matvælastofnun,  
Austurvegi 64,  
800 Selfoss.  
Sent á netfang:  
[mast@mast.is](mailto:mast@mast.is)

Efni: Viðbótarathugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði, helmingur í hvorum firði á vegum Arctic Sea Farm hf. Endurtekin auglýsing Umhverfisstofnunar 29. júní 2017.

Fyrir hönd Náttúrverndarfélagssins LAXINN LIFI, Náttúrverndarsamtaka Íslands, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf., eigenda Haffjarðarar í Hnappadal, Ara P. Wendel, eigenda Kirkjubóls í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Fífustaðadal, Víðis Hólm Guðbjartssonar, eigenda Grænuhlíðar í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Bakkadal, Flugu og nets ehf., rekstrarfélags Vatnsdalsár á Barðaströnd, Atla Árdal Ólafssonar, eigenda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Varplands ehf., eigenda hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Veiðifélags Laxár á Ásum er ofangreindri tillögu að starfsleyfi (og einnig hugsanlegri útgáfu rekstrarleyfis MAST) alfarið mótmælt á ný.

**Ítrekuð er krafa um** að hafnað verði útgáfu starfsleyfis á grundvelli framlagðrar tillögu (og hugsanlegri útgáfu rekstrarleyfis) fyrir ofangreinda laxeldisstóriðju í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Framkvæmdaaðilinn Arctic Sea Farm hf. (áður Dýrfiskur hf.) er í eigu norska laxeldisfyrirtækisins Norway Royal Salmon AS og Kýpurfélagsins Bremesco Holding, sem talið er í pólskri eigu.

Grundvöllur þessarar ítrekuðu kröfu er m.a. eftirfarandi:

1. Vísað er til athugasemda undirritaðs dags. 15. maí 2017 ásamt fylgiskjölum við tillögu að starfsleyfi fyrir 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði á vegum sama framkvæmdaaðila. Allar athugasemdirnar frá 15. maí 2017 eiga við varðandi hina endurtekna auglýsingu á tillögu að starfsleyfi.

2. Sérstaklega er áréttað, að framkvæmdaaðili verður að leggja fram skilríki um heimild til afnota sjávar, áður en hann fær útgefið leyfi til rekstarins.
3. Framkvæmdaðili hefur ekkert fjallað um áhrif risaeldis á botndýralíf og búsvæði seiða nytjafiska í firðinum. Engar rannsóknir hafa verið gerðar um þessi atriði.
4. Þá er vísað til eftirfarandi nýrra gagna og upplýsinga, sem fram hafa komið á síðustu vikum varðandi eldi í opnum sjókvíum, sem styðja eindregið ofangreinda kröfu um að hafnað verði útgáfu starfsleyfis á grundvelli auglýstrar tillögu að starfsleyfi, enda er það óheimilt að lögum:
  - a. Álit Erfðanefndar landbúnaðarins frá 6. júní 2017, þar sem segir m.a.: „Að mati Erfðanefndar landbúnaðarins er frekari útgáfa leyfa til eldis á frjóum laxi af erlendum uppruna í sjókvíum óforsvaranleg miðað við stöðu leyfisveitinga og skorti á upplýsingum um áhrif eldisins á villta laxastofna í íslenskum ám. Nefndin ráðleggur stjórnvöldum að koma í veg fyrir alla frekari útgáfu leyfa til sjókvíaeldis á laxi, þ.m.t. þá tugi þúsunda tonna sem komin eru í formleg umsóknarferli.“
  - b. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 20. júní 2017 í máli nr. 5/2017 þar sem ógilt var starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Vísað er til niðurstöðu og rökstuðnings úrskurðarins.
  - c. Áhættumat Haf- og vatnarannsóknastofnunar í júlí 2017 vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi, þar sem m.a. segir: „sumir strokulaxar synda um langan veg þar til þeir finna laxveiðiá“ og „strokulaxar geta leitað í báðar áttir meðfram strandlengjunni, ekki bara réttsælis með stefnu strandstraumsins“ (bls. 14). Þá segir á bls. 22: „Stærri fiskur sem sleppur hefur aðra hegðun en sjógönguseiði og leitar í ár þegar dregur að kynþroska. Hann leitar vanalega undan straumi (Hansen 2006) í leit að á og getur farið mjög langt á ferð sinni, yfir 1000 kílómetra (Guðjónsson 1991; Piccolo & Orlikowska 2012).“ Síðan segir á bls. 25 undir „Breytur fyrir snemmbúið strok“: „b. Weibull vegalengdarstuðull n: Gert er ráð fyrir í fyrstu nálgun að fiskur leiti ekki mikið lengra en 200 kílómetra sundleið frá strokustað.“  
Og undir „Breytur fyrir síðbúið strok“:  
„b. Weibull vegalengdarstuðull n: Gert er ráð fyrir í fyrstu nálgun að fiskur leiti langt og sé ekki með heimsækni. Gert er ráð fyrir allt að 1000 kílómetra sundleið frá strokustað.“  
Samkvæmt þessu álitu eru farleiðir strokulaxa allt frá 200 kílómetrum fyrir snemmgengin strokulax og allt að 1000 kílómetrar fyrir síðgengin strokulax. Niðurstaða áhættumatsins er því, að allar silungs- og laxveiðiár landsins eru í hættu vegna strokfisks úr sjókvíaeldi, hvar sem eldið er staðsett.

- d. Ársskýrsla sérstakrar óháðrar vísindanefndar NINA (náttúruvannsóknastofnunar Noregs) 2017 um þá hættu, sem villtum laxastofnum stafar af erfðablöndun með eldislöxum.

**Með vísan til ofangreinds er Umhverfisstofnun ekki stætt á því, að gefa út starfsleyfi fyrir umrædda laxeldisstjóriöju í Patreksfirði og Tálknafirði. Sama á við um hugsanlega rekstrarleyfisútgáfu Matvælastofnunar.**

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarfélagsins LAXINN LIFI, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Akurholts ehf., Geiteyri ehf., Ara P. Wendel, Viðis Hólm Guðbjartssonar, Flugu og nets ehf., Atla Á. Ólafssonar, Varplands ehf., og Veiðifélags Laxár á Ásum.

Óttar Yngvason

Fylgiskjöl:

1. Athugasemdir undirritaðs dags. 15. maí 2017 ásamt fylgiskjölum.
2. Álit Erfðanefndar landbúnaðarins 6. júní 2017.
3. Áhættumat Haf- og vatnarannsóknastofnunar í júlí 2017.
4. Ársskýrsla norskrar vísindanefndar 2017 um ástamd villtra laxastofna í Noregi m.a. vegna erfðablöndunar frá eldisfiski, laxalúsar og sníkjudýra.